



**Áætlum um aurburðarrannsóknir fyrir
Orkumálasvið 1997**

Svanur Pálsson

Greinargerð SvP-97-04

5. mars 1997

Áætlun um aurburðarrannsóknir fyrir Orkumálasvið 1997

1. Sýnataka og mælingar á stöðum, þar sem árlega er verið að afla gagna, svo að unnt sé að reikna framburð svifaurs með svifaurslyklum, sem byggðir eru á gagnasafni aurburðarmælinga. Lagt er til, að sýnin skiptist þannig á staði:

Hvítá í Borgarfirði við Kljáfoss, Jökulsá vestari við Goðdali, Jökulsá austari við Skatastaði, Skjálfandafljót við Stóruvelli, Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði og Upptyppinga, Kreppu við brú og Jökulsá á Dal við Hjarðarhaga, 5 sýni á hverjum stað, nema 10 úr Jökulsá austari, alls 45 sýni.

Djúpa í Fljótshverfi, Hverfisfljót, Skaftá við Kirkjubæjarklaustur og Skaftárdal og Ása-Eldvatn við Eystri-Ása, 10 sýni á hverjum stað, alls 50 sýni. Gert er ráð fyrir, að sýnatökustaðurinn við Eystri-Ása leysi sýnatökustaðinn við Skaftárdal af, en fyrst um sinn verði sýnatöku haldið áfram við Skaftárdal jafnhliða til samanburðar.

Skaftá við Sveinstind og Markarfljót á Emstrum 5 sýni á hvorum stað, alls 10 sýni.

Hvítá í Árnassýslu við Brúarhlöð og neðan Hvítárvatns og Jökulfall við Hvin 5 sýni á hverjum stað, alls 15 sýni.

Þetta eru samtals 120 sýni og við þau má bæta 20 sýnum, sem eru ófyrirséð, eins og t. d. Skaftárhlaup, og eru sýnin þá komin upp í 140. Kostnaður er kr. 30.000 á sýni, sýnataka og mælingar. Heildarkostnaður er þá kr. 4.200.000.

2. Útreikningar á framburði, sem gengið er frá sem skýrslu á hliðstæðu formi og skýrsla Orkustofnunar frá síðasta ári, *Framburður svifaurs í Jökulsánum norðan Vatnajökuls OS-96024/VOD-02*. Slík skýrsla um framburð svifaurs í Skjálfandafljóti er nú nærri tilbúin til yfirlestrar. Í þá vinnu er áætlað, að fari á þessu ári um 150 vinnustundir, sem reiknast um kr. 420.000. Þá bætast við um kr. 30.000 í útgáfukostnað. Þá er kostnaður við skýrsluna kominn í um kr. 450.000.

Áður, þ. e. á árinu 1995, hafa farið í verkið 69 vinnustundir.

